



FUNDARGERÐ 49. ÞING

HALDIÐ Á SELFOSSI
DAGANA 20. – 21. MARS 2025



SAMTÖK
STARFSMANNA
FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



EFNISYFIRLIT

ÞINGSETNING	3
Nafnalisti þingfulltrúa á 49. þingi SSF 20. – 21. mars 2025	3
FSLÍ, Félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi	3
Trúnaðarmannaráð (TRMR) Arion banka	3
SÍ, Starfsmannafélag Íslandsbanka	4
SFS, Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands	4
SRB, Starfsmannafélag Reiknistofu bankanna	4
REST, Rapyd Europe starfsmannafélag	4
Starfsmannafélag Byggðastofnunar	4
Starfsmannafélag Kvikú	4
Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins	4
Starfsmannafélag Teya	4
Starfsmannafélag Sparisjóðs suður-Pingeyinga	4
Áheyrnarfulltrúar og gestir	5
Erlendir gestir	5
Aðrir gestir	5
Stjórn, starfsmenn SSF og aðrir er komu að þinginu	5
Kosning starfsmanna þingsins	5
Skipan þingfulltrúa í fastanefndir þingsins	5
Allsherjarnefnd I – Af hverju tekur unga fólkið ekki þátt?	5
Allsherjarnefnd II – SSF og jafnræðis-/jafnréttismál	6
Allsherjarnefnd III – Staða sjóða - möguleikar?	6
Fjárhagsnefnd	6
Fræðslunefnd	6
Kjaranefnd	7
Laganefnd	7
Skýrsla stjórnar	7
Kjarasamningur 2023	8
Óánægja og uppsögn samkomulags	8
Viðræður og kjarasamningur 2024	9
Breytingar á fjármálamarkaði	10
Atvinnumál	11
Jafnréttismál	12
Unga fólkið	13
Ágætu félagar	13
Pallborðsumræður bankastjóra	14
Nefndarstörf hefjast	14
Kynning frambjóðenda	15
Alþjóðasamstarf	15
Gullmerki	16
Niðurstöður fastanefnda þingsins	17
Tillögur nefnda bornar undir þingið til samþykktar	17
Laganefnd	17
Fjárhagsnefnd	17
Stjórnarlaun SSF	18
Ályktanir Fjárhagsnefndar	19
Ályktanir Allsherjarnefndar I	19
Ályktanir Allsherjarnefndar II	19
Ályktanir Allsherjarnefndar III	20
Ályktanir Fræðslunefndar	21
Ályktanir Kjaranefndar	21
Niðurstöður kosningar til stjórnar SSF	22
Meðstjórnendur	22
Önnur mál	23

Myndir í skýrslunni eru frá 49. þingi SSF. Ljósmyndari: Laufey Ósk, Studio Stund.

Prentvinnsla: Prentmet Oddi



ÞINGSETNING

Þingfulltrúar 2025

Ari Skúlason, formaður SSF, setti þingið klukkan 9:00 og bauð þingfulltrúa velkomna til starfa á 49. þing SSF haldið á Selfossi 20. og 21. mars 2025.

Þórey Jónína Jónsdóttir, SÍ, formaður kjörnefndar, lagði fram kjörbréf þingfulltrúa til samþykktar eftir nafnakall, og tilkynnti jafnframt að Kjörnefnd hafi farið yfir kjörbréf og staðfest að þau séu í lagi. Kjörbréf voru samþykkt með lófataki án athugasemda. Allir þingfulltrúar voru mættir nema fimm og sátu þingið 60 fulltrúar frá 9 aðildarfélögum af 11.

Nafnalisti þingfulltrúa á 49. þingi SSF 20. – 21. mars 2025

FSLÍ, Félag starfsmanna Landsbankans á Íslandi - 16 þingfulltrúar

Alda Hjartardóttir
Aron Breki Hjartarson
Árni Jökull Wind
Ásgeir Björnsson
Bryndís Sigurðardóttir
Guðlaug Elísabet Bóasdóttir
Guðný S. Magnúsdóttir
Hildur Hilmarsdóttir
Hrefna Óskarsdóttir
Klara D. Jónsdóttir
Kolbrún Ingimarsdóttir
Linda Björg Bjarnadóttir
Marteinn Stefánsson
Petrína G. Hjálmarsdóttir
Sigríður R. Jóhannsdóttir
Sigrún Jóhannsdóttir

Trúnaðarmannaráð (TRMR) Arion banka - 14 þingfulltrúar (áttu rétt á 15)

Björg Arna Elfarsdóttir
Brynhildur Brynjúlfssdóttir
Elfa Dögg Marteinsdóttir
Elín Björg Arinbjarnardóttir
Eyrún Ýr Guðmundsdóttir



Ari Skúlason, formaður SSF, setur þingið

Guðrún Bergmann Franzdóttir
Halla Ingvarsdóttir
Haukur Ingi Heiðarsson
Helga Dögg Snorraddóttir
Helga Jónsdóttir
Jóhann Arnarson
Karlotta Ósk Óskarsdóttir
Kristinn Línal Jónsson
Margrét Rún Gunnarsdóttir

SÍ, Starfsmannafélag Íslandsbanka - 15 þingfulltrúar

Arnar Freyr Björnsson
Ellen Ellertsdóttir
Gísli Logi Logason
Guðrún Helga Brynjólfsson
Helga Dögg Wium
Inga Guðný Hauksdóttir
Ingunn Bernburg
Jóhanna Erla Birgisdóttir
Oddur Sigurðsson
Sigríður María Torfadóttir
Sigurbjörn Elíasson
Skúli Skúlason
Sóldís Freyja Vignisdóttir
Vaka Önnudóttir
Þórey Jónína Jónsdóttir

SFS, Starfsmannafélag Seðlabanka Íslands - 5 þingfulltrúar

Arnar Þór Pétursson
Haukur Viðar Guðjónsson
Katla Dögg Sævaldsdóttir
Linda Sörensen
Lóa Jóhannsdóttir

SRB, Starfsmannafélag Reiknistofu bankanna - 3 þingfulltrúar

Halldór H. Halldórsson
Sigríður Harpa Hannesdóttir
Jón Kristinn Sveinsson

REST, Rapyd Europe starfsmannafélag - 3 þingfulltrúar

Fanney Elísabet Ragnarsdóttir
Guðbjörg Skjaldardóttir
Indriði Ingi Stefánsson

Starfsmannafélag Byggðastofnunar - 1 þingfulltrúi

Sigurður Árnason

Starfsmannafélag Kvikú - 0 (áttu rétt á 3)

Enginn sá sér fært að mæta

Starfsmannafélag Almenna lífeyrissjóðsins - 1 þingfulltrúi

Hrannar Bragi Eyjólfsson

Starfsmannafélag Tey - 2 þingfulltrúar

Elsa Alexandersdóttir
Guðleif Aþena Magnúsdóttir

Starfsmannafélag Sparisjóðs suður-Þingeyinga - 0 (áttu rétt á einum)



Öll tilbúin í slaginn!



Fulltrúar FSLÍ ásamt útibússtjóra
LÍ á Selfossi Nínu Pálsdóttur.



Hluti fulltrúa TRMR Arion banka



Allt klappað og klárt

Áheyrnarfulltrúar og gestir

Erlendir gestir

Arne Fredrik Håstein – FSU, NO.

Carin Hallerström – NFU.

Maureen Hick – UNI.

Michael Bodulfsen – FSU, DK. UNI.

Stefan Hendricsson – FSU, SE.

Susanne Lindberg – Forena, SE.

Rauni Söderlund – PRO, FI.

Aðrir gestir

Anna Ívarsdóttir, fyrrverandi formaður SSF (þá SÍB)

Yngvi Örn Kristinsson, fyrrverandi formaður SSF (þá SÍB)

Stjórn, starfsmenn SSF og aðrir er komu að þinginu

Ari Skúlason, formaður og framkvæmdastjóri SSF

Bára Björk Ingibergsdóttir, stjórn SSF

Jóhanna M. Jónsdóttir, stjórn SSF

Ester Ósk Traustadóttir, starfsmaður SSF

Margrét Bragadóttir, starfsmaður SSF

Rósa Jennadóttir, starfsmaður SSF

Viktória Valdís Guðbjörnsdóttir, starfsmaður SSF

Helga Jónsdóttir, þingforseti

Sigurjón Gunnarsson, varaþingforseti

Kosning starfsmanna þingsins

Formaður SSF lagði til að eftirfarandi yrðu kjörnir þingforsetar á 49. þingi SSF 20. – 21. mars 2025:

Helga Jónsdóttir – þingforseti

Sigurjón Gunnarsson – varaþingforseti

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Helga Jónsdóttir þingforseti lagði til að eftirfarandi yrðu kjörnir þingritarar á 49. þingi SSF 20. – 21. mars 2025:

Indriði Ingi Stefánsson, REST – þingritari

Jón K. Sveinsson, SRB – þingritari

Til vara:

Guðbjörg Skjaldardóttir, REST

Linda Sörensen, SÍ

Tillagan var samþykkt með lófaklappi.

Stjórn SSF skipaði kjörnefnd fyrir þingið samkvæmt 20. gr. samþykktá SSF og sú nefnd starfaði jafnframt á þinginu. Í henni sátu:

Björg Arna Elfarsdóttir, TRMR Arion

Margrét Bragadóttir, starfsmaður SSF

Marteinn Stefánsson, FSLÍ

Þórey Jónína Jónsdóttir, SÍ, formaður Kjörnefndar

Þróstur Laxdal, SFS

Skipan þingfulltrúa í fastanefndir þingsins

Starfsemi fastanefnda þingsins var með breyttu sniði að þessu sinni. Hópstjóri og ritari voru fastir í nefndinni á meðan þingfulltrúar fóru á milli nefnda og tóku því þátt í starfi þeirra allra.

Allsherjarnefnd I – Af hverju tekur unga fólkið ekki þátt?

Jóhanna M. Jónsdóttir, FSLÍ, hópstjóri

Katla Dögg Sævaldsdóttir, SFS, ritari

Aron Breki Hjartarson, FSLÍ



Erlendir gestir ásamt Ara formanni. Aftari röð f.v. Rauni, Stefan, Michael, Arne og Susanne. Fremri röð f.v. Maureen, Ari og Carin.



Starfsmenn á skrifstofu SSF f.v. Margrét Bragadóttir, Ester Ósk Traustadóttir, Ari Skúlason, Viktória Valdís og Rósa Jennadóttir.



Helga Jónsdóttir þingforseti og Sigurjón Gunnarsson, varaþingforseti.



Indriði Ingi Stefánsson og Jón Kristinn Sveinsson, þingritarar.

Brynhildur Brynjúlfsdóttir, TRMR Arion banka
Gísli Logi Logason, SÍ
Halla Ingvarsdóttir, TRMR Arion banka
Indriði Stefánsson, REST
Klara D. Jónsdóttir, FSLÍ
Sigríður R. Jóhannsdóttir, FSLÍ
Skúli Skúlason, SÍ
Sigríður María Torfadóttir, SÍ

Allsherjarnefnd II - SSF og jafnræðis-/jafnréttismál

Guðný. S. Magnúsdóttir, FSLÍ, hópstjóri
Sigríður Harpa Hannesdóttir, SRB, ritari
Arnar Freyr Björnsson, SÍ
Árni Jökull Wind, FSLÍ
Elsa Alexandersdóttir, Stm.fél. Teya
Helga Jónsdóttir, TRMR Arion banka
Kolbrún Ingimarsdóttir, FSLÍ
Jóhanna Erla Birgisdóttir, SÍ
Linda Sörensen, SFS
Margrét Rún Gunnarsdóttir, TRMR Arion banka
Sigurbjörn Elíasson, SÍ

Allsherjarnefnd III - Staða sjóða - möguleikar?

Oddur Sigurðsson, SÍ, hópstjóri
Lóa Jóhannsdóttir, SFS, ritari
Ellen Ellertsdóttir, SÍ
Eyrún Ýr Guðmundsdóttir, TRMR Arion banka
Guðleif Aþena Magnúsdóttir, Stm.fél. Teya
Guðrún Bergmann Franzdóttir, TRMR Arion banka
Halldór Heiðar Halldórsson, SRB
Hildur Hilmarsdóttir, FSLÍ
Petrína G. Hjálmarsdóttir, FSLÍ
Sigrún Jóhannsdóttir, FSLÍ

Fjárhagsnefnd

Jóhann Arnarson, TRMR Arion banka, hópstjóri
Sigurður Árnason, Stm.fél. Byggðastofnunar, ritari
Arnar Þór Pétursson, SFS
Ásgeir Björnsson, FSLÍ
Björg Arna Elfarsdóttir, TRMR Arion banka
Elfa Dögg Marteinsdóttir, TRMR Arion banka
Guðbjörg Skjaldardóttir, REST
Guðrún Helga Brynjólfsson, SÍ
Inga Guðný Hauksdóttir, SÍ
Linda Björg Bjarnadóttir, FSLÍ

Fræðslunefnd

Bára Björk Ingibergsdóttir, SFS, hópstjóri
Haukur Ingi Heiðarsson, TRMR Arion banka, ritari
Alda Hjartardóttir, FSLÍ
Fanney Elísabet Ragnarsdóttir, REST
Helga Dögg Wium, SÍ
Hrannar Bragi Eyjólfsson, Stm.fél. Almenna lífeyrissjóðsins
Hrefna Óskarsdóttir, FSLÍ
Jón Kristinn Sveinsson, SRB
Vaka Önnudóttir, SÍ
Þórey Jónína Jónsdóttir, SÍ



Allsherjarnefnd I



Allsherjarnefnd II



Allsherjarnefnd III



Fjárhagsnefnd



Fræðslunefnd

Kjaranefnd

Karlotta Ósk Óskarsdóttir, TRMR Arion banka, hópstjóri
Bryndís Sigurðardóttir, FSLÍ, ritari
Elín Björg Arinbjarnardóttir, TRMR Arion banka
Guðlaug Elísabet Bóasdóttir, FSLÍ
Haukur Viðar Guðjónsson, SFS
Helga Dögg Wium, SÍ
Ingunn Bernburg, SÍ
Kristinn Líndal Jónsson, TRMR Arion banka
Marteinn Stefánsson, FSLÍ
Sóldís Freyja Vignisdóttir, SÍ

Laganefnd

Engar tillögur um breytingar á samþykktum félagsins voru lagðar fyrir þingið og því var ekki starfandi laganefnd á 49. þingi SSF sbr. b-lið 5. tölul. 21. gr. samþykktu SSF.

SKÝRSLA STJÓRNAR

Ari Skúlason, formaður SSF, flutti skýrslu stjórnar sem var svohljóðandi:

Kæru félagar

Enn einu sinni erum við saman komin hér á þingi SSF á Selfossi. Þetta er 49. þing samtakanna og er haldið á afmælisári, en samtökin áttu einmitt 90 ára afmæli í lok janúar á þessu ári. Eins og kveðið er á um í samþykktum SSF eru þingfulltrúarnir 65 talsins og það eru þeir sem móta stefnu félagsins. En allt í allt held ég að það séu 80-90 manns sem dvelja hér meðan þingið stendur yfir.

Í fyrsta lagi má nefna innlenda gesti þar sem tveir fyrrverandi formenn eru með okkur núna. Anna Ívarsdóttir fyrrverandi formaður SSF, en hún var formaður næst á undan Friðberti og hætti 1995. Svo er Yngvi Örn Kristinsson með okkur líka, en hann var formaður næst á undan Önnu.

Í öðru lagi má nefna erlendu gestina, sem eru óvenju margir að þessu sinni, eða sjö talsins, og það er mikill heiður hve margir vilja heimsækja okkur í þetta skipti. Gestirnir koma frá nær öllum systursamtökum okkar á Norðurlöndunum og frá NFU og UNI, sem eru þau fjölþjóðlegu samtök sem við eigum aðild að. Við sjáum gestina hins vegar ekki fyrr en eftir hádegis, þeir eru í útsýnisferð og Anna Ívars með þeim.

Það hafa verið og verða miklar breytingar á skrifstofu SSF þessi árin. Ég kom sjálfur inn á skrifstofuna fyrir rúmu ári og var í rúmt ár með Friðberti fyrrverandi formanni og framkvæmdastjóra sem hætti svo störfum í október 2024. Rósa Jennadóttir, fjármálastjóri og umsjónarmaður Styrktarsjóðs og Margrét Bragadóttir, bókari, umsjónarmaður Menntunarsjóðs og trúnaðarmannafræðslu munu svo báðar hætta störfum snemma í sumar. Nýr starfsmaður, Ester Ósk Traustadóttir, hóf störf hjá okkur í janúar 2025 og einnig hefur verið gengið frá ráðningu Viktoríu Valdísar Guðbjörnsdóttur, en þær tvær munu taka við störfum Rósu og Margrétar.

Kjarasamningur SSF og SA ber enn þess keim að fyrr á árum var samið við sérstaka samninganefnd bankanna, sem var fyrst og fremst skipuð fulltrúum banka í eigu ríkisins. M.a. vegna þessa eru ýmis réttindi í kjarasamningi SSF betri og ganga lengra en gerist í kjarasamningum á almenna markaðnum og eru nær opinbera markaðnum. Við sem stöndum í forsvari fyrir SSF höfum í síðustu samningaviðræðum fundið fyrir töluverðum



Kjaranefnd



Kjörnefnd f.v. Þórey Jónína Jónsdóttir, Margrét Bragadóttir og Marteinn Stefánsson.



Ari Skúlason, formaður SSF flytur skýrslu stjórnar SSF.



Aðalrit þingsins 2025

þrýstingi af hálfu atvinnurekenda í þá átt að draga úr þessum réttindum. Við megum því búast við töluverðri varnarbaráttu á næstu árum. Forsvarsmenn sumra fyrirtækja eru þó farnir að gera sér grein fyrir því að baráttan um vinnuaflið á eftir að harðna á næstu árum og áratugum. Til þess að ná í besta og hæfasta starfsfólkið þarf að geta boðið bestu kjör og kjarasamningur SSF er einmitt til þess fallinn að uppfylla þá kröfu. Á síðustu árum höfum við séð mun meiri hreyfanleika meðal starfsfólks á fjármálamarkaði en áður var. Fyrir nokkrum árum var það tiltölulega sjaldgæft að fólk færði sig úr fjármálageiranum í aðrar greinar. Nú er hreyfanleikinn orðinn meiri og fjármálakerfið ekki endilega í fyrsta sæti.

Við megum aldrei gleyma því að öll réttindi íslenskra launamanna hafa orðið til vegna sameinaðrar baráttu stéttarfélaganna og félagsmanna þeirra. Ekkert þessara réttinda þóttu sjálfsgöð eða voru sett í lög fyrr en eftir áralanga baráttu forvera okkar á 19. og 20. öld. Það er stöðug barátta að verja þessi réttindi, því öll eru þau hluti af heildarkjörum okkar og metin sem slík þegar kjaraviðræður eru í gangi.

Tímabilið 2022–2025 var sérstakt að því leyti að SSF gerði tvo kjarasamninga, í janúar 2023 og í maí 2024. Báðir þessir samningar voru gerðir við mjög þvingaðar aðstæður þar sem Samtök atvinnulífsins og nokkur félög og sambönd innan ASÍ deildu og drottnuðu og tóku í raun samningsréttinn af öðrum stéttarfélagum.

Stærstan hluta þessa tímabils var megináherslan lögð á hækkun lægstu launa og að hærri laun myndu hækka minna. Það hefur verið nær ómögulegt fyrir aðra hópa að semja út fyrir þessa línu.

KJARASAMNINGUR 2023

Í upphafi ársins 2023 lá fyrir að einungis yrði samið til eins árs vegna óvissu í hagkerfinu. Lína ASÍ hópanna var að laun skyldu hækka um 6,75%, þó að hámarki um kr. 66.000. SSF og SA undirrituðu kjarasamning þann 23. janúar 2023, en samningurinn var afturvirkur frá 1. nóvember 2022 og gildi til loka janúar 2024. Lágmarkstaxtar í samningi SSF hækkuðu um meira en 6,75%, en hámarkshækkunin upp á kr. 66.000 bitnaði verulega á hærri launaða hópnum innan SSF. Talið var að um helmingur félagsmanna SSF hefði ekki náð að fá fulla 6,75% launahækkun út úr samningnum. Eins og áður segir var samningurinn gerður við mjög þvingaðar aðstæður, skrifað var undir hann í tveimur aðskildum rýmum og það andaði verulega köldu milli aðila.

Að hálfu SSF var bryddað upp á þeirri nýbreytni að halda kynningarfundir um samningana á Teams. Haldnir voru 3 kynningarfundir sem um 1.200 manns sóttu, eða um þriðjungur félagsmanna. Þessi nýbreytni tókst því mjög vel. Samningurinn var samþykktur naumlega í rafrænni atkvæðagreiðslu með 53,5% atkvæða þar sem þátttakan var 82,2%. Þátttaka í svona atkvæðagreiðslum gerist ekki betri.

ÓÁNÆGJA OG UPPSÖGN SAMKOMULAGS

Eftir atkvæðagreiðsluna um kjarasamninginn var ljóst að umtalsverð óánægja var meðal félagsmanna um stöðu mála. Stjórn SSF fór fljótlega að velta fyrir sér þeim möguleika að segja upp samkomulagi um kjarasamninga bankamanna, sem gert var við bankana 2004, en það ár var gert nýtt samkomulag um kjarasamninga starfsmanna bankanna (og sparisjóða) sem byggði á lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Í þessu samkomulagi frá 2004 voru hömlur settar á rétt stéttarfélagsins SÍB (síðar SSF) varðandi vinnudeilur sem voru langt umfram það sem almennt gildi á íslenskum vinnumarkaði.



Kristinn Lindal Jónsson, TRMR Arion



Snæfellsjökull séður frá Hellissandi

Eftir að SA tók við lykilhlutverki í samningum við SSF eftir hrun hafði engu verið breytt um formleg samskipti aðila. SSF taldi að þetta samkomulag væri orðið barn síns tíma og að það skyti skökku við að samskipti samtakanna við gagnaðila heyri ekki beint undir vinnulöggjöfina eins og gildir um önnur samskonar samskipti á almennum vinnumarkaði. SSF sagði því samkomulaginu upp um mitt ár 2023 þannig að það rann út um áramótin 2023-24. Sú ákvörðun var tekin af stjórn SSF eftir ítarlegar umræður innan stjórnar sem og á formannafundum í aðdraganda samningaviðræðna.

VIÐRÆÐUR OG KJARASAMNINGUR 2024

Viðræður við gagnaðila um nýjan kjarasamning hófust strax í byrjun janúar 2024 og voru alls haldnir 11 fundir í deilunni. Strax á þeim tímapunkti lá fyrir mikill þrýstingur frá hópum innan ASÍ að haldið yrði áfram á sömu leið og frá 2019, þ.e. að byggja fyrst og fremst á krónutöluhækkunum og mikilli áherslu á að lægstu laun hækkuðu meira en önnur laun.

Strax í upphafi viðræðna varð til óformlegur hópur nokkurra félaga og sambanda sem var sammála um að láta ekki neyða sig einu sinni enn til þess að gera hreina krónutölusamninga. SSF tók virkan þátt í starfi þessa hóps. Þetta samstarf varð til þess að hrein prósentuhækkun komst aftur á dagskrá þannig að ekki hallaði lengur verulega á hópa með hærri tekjur og millitekjur.

Segja má að þetta hafi verið stærsti áfanginn í kjarabaráttunni í þetta skiptið. Nær öllum kröfum SSF var hafnað með tilvísun til þess að þær rúmuðust ekki innan þess ramma sem hafði verið ákveðinn fyrir fram af öðrum.

Eftir að stjórn SSF sagði upp samkomulagi um kjarasamninga bankamanna var skipaður hópur til þess að kortleggja möguleika á vinnustöðvunum og koma með tillögur í þeim efnum. Hópurinn starfaði seinni hluta ársins 2023 og skilaði athyglisverðum niðurstöðum, sem hægt er að vinna úr ef tilefni gefst til á næstu árum.

Meginkrafa samninganefndar SSF fólst í að ná fram meiri vinnutímastyttingu en náðist í samningunum 2019 og var þar vísað til þess að samið hafði verið um mun styttri vinnutíma á opinbera markaðnum. Í öllum umræðum, vinnustaðaheimsóknum og spjalli í aðdraganda kjarasamninga var algerlega ljóst að stytting vinnutíma var efst á óskalista félagsmanna.

Svar gagnaðila við þessari kröfu var alger neitun og var þá vísað til þess að aðrir hópar á vinnumarkaði hafi ekki lagt áherslu á þessa kröfu. Á tímabili leit út fyrir að samkomulag hefði náðst við bankana um fullt frí á gamlársgangi en SA tókst að koma í veg fyrir það. Síðan hefur Starfsmannafélag Íslandsbanka gert formlegt samkomulag við bankann um frí á gamlársgangi, þannig að það mál er augljóslega á hreyfingu.

Örlítill árangur náðist í sambandi við lengd orlofs og að stytta ávinnslutíma réttinda í því sambandi. Þá tókst að hækka skerðingarviðmið líftrygginga úr 50 ára aldri upp í 60 ára og þá hækkaði framlag atvinnurekenda í Menntunarsjóð SSF úr 0,21% af heildarlaunum upp í 0,3%.

Laun hækkuðu um 3,25% eða að lágmarki kr. 23.750 frá 1. febrúar 2024 og er samningurinn til fjögurra ára og rennur út 1. febrúar 2028 verði honum ekki sagt upp fyrr. Laun munu hækka um kr. 23.750 eða 3,5% þann 1. janúar árin 2025, 2026 og 2027.

Kjarasamningurinn byggði á sömu samningsforsendum og almennir kjarasamningar sem gerðir voru um þetta leyti. Verði gerðar breytingar á samningsákvæðum almennra kjarasamninga eða samningstíma á grundvelli

ákvæða um verðlagsforsendur og önnur forsenduákvæði framangreindra kjarasamninga skal sambærileg breyting gilda um samning SSF og SA.

Samningurinn var kynntur á nokkrum fundum á Teams eins og var árið áður. Ljóst var að deildar meiningar yrðu um samninginn meðal félagsmanna. Stjórn og samninganefnd SSF hafði rætt möguleikann á verkfalli ítarlega og var niðurstaðan að slík leið væri ekki skynsamleg.

Niðurstaða atkvæðagreiðslunnar var mjög skrítn. Samningurinn var felldur en taldist samt samþykktur. Alls tóku 76,1% félagsmanna þátt í atkvæðagreiðslunni sem er mjög góð þátttaka. 47,5% sögðu já og 48,6% nei. Fleiri voru því á móti samningnum en með honum. Övenju hátt hlutfall félagsmanna tók ekki afstöðu eða 3,9%. Samkvæmt reglunum telst samningurinn samþykktur þar sem meirihluta greiddra atkvæða þarf til þess að fella kjarasamning. Það er kannski ekki alveg rétt að hjáseta eða afstöðuleysi sé talin með já-um, krafa löggjafans hljóðar þannig að meira en helmingur þeirra sem kjósa séu á móti til að fella samning, sbr. 5. gr. laga nr. 80/1938 um stéttarfélög og vinnudeilur.

Meðallaun á fjármálamarkaði hækkuðu um rúm 40% á tímabilinu frá janúar 2019 til nóvember 2024. Á sama tíma hækkaði launavísitalan, sem sýnir þróun meðallauna í landinu, um 52,1%. Launahækkanir á fjármálamarkaði hafa þannig verið talsvert fyrir neðan meðaltalið á vinnumarkaði. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga að stórir hópar opinberra starfsmanna höfðu ekki lokið samningum í nóvember 2024.

Sé horft til kaupmáttarþróunar er staðan ekki góð. Á þessum tæpu 5 árum hefur kaupmáttur starfsfólks á fjármálamarkaði einungis aukist um 2,2% á meðan hann hefur aukist um 10,7% að meðaltali í landinu. Það má sjá línurit sem sýna þetta á bls. 12 í skýrslu stjórnar sem þið hafið á borðunum. Það er einnig hægt að finna yfirferð um þróun kjaramála undir kjara-nefndinni á síðu þingsins.

BREYTINGAR Á FJÁRMÁLAMARKAÐI

Tímabilið frá síðasta þingi í mars 2022 hefur verið nokkuð viðburðaríkt á fjármálamarkaði. Víðtæk ríkiseign á fjármálafyrirtækjum einkenndi fjármálamarkaðinn eftir hrun og var einsdæmi í hinum vestræna heimi. Á tímabili átti ríkissjóður hlut í öllum stóru bönkunum og þar af Íslandsbanka og Landsbankann nær alla. Nokkur ár eru síðan ríkissjóður seldi hlut sinn í Arion banka sem nú er í einkaeign og skráður á markaði, líkt og Íslandsbanki. Ríkissjóður seldi svo 35% af hlut sínum í Íslandsbanka sumarið 2021 og síðan var 22,5% hlutur seldur í mars 2022. Miklar deilur urðu í kjölfar þeirrar sölu. Ríkið á enn 42,5 prósentu hlut í bankanum sem selja átti helming af á árinu 2024 og restina á árinu 2025. Söluferlið var hins vegar sett á ís vegna óánægju með síðasta söluferli og síðan frestað aftur í kringum stjórnarslitin sl. haust. Bankasýsla ríkisins var gagnrýnd töluvert fyrir söluferlið og var í kjölfarið ákveðið einu sinni enn að leggja hana niður sem tókst í þetta skipti. Um miðjan janúar 2025 lýsti nýr fjármálaráðherra því yfir að eftirstandandi hlutur ríkisins í Íslandsbanka yrði seldur á árinu og er áætlað að markaðsvirði hlutar ríkissjóðs í bankanum sé um 100 ma.kr. virði. Samkvæmt eigendastefnu ríkisins er gengið út frá því að ríkið muni í framtíðinni einnig selja hluta af eign sinni í Landsbankanum en halda eftir 30-40%. Deildar meiningar voru á tímabilinu um kaup Landsbankans á tryggingafélaginu TM. Samkeppniseftirlitið hefur nú samþykkt þau viðskipti.

Um miðjan febrúar 2025 lýsti stjórn Arion banka óvænt yfir áhuga á að sameinast Íslandsbanka og taldi stjórn Arion það vera raunhæfan



Móttaka í húsi Landsbankans á Selfossi



Nína Pálsdóttir, útibússtjóri, kynnir sögu þessa fallega húss LÍ á Selfossi.



Hlustað á fróðlegar frásagnir

möguleika. Margir lýstu þó efasemdum um að samkeppnisyfirvöld myndu leyfa slíka sameiningu. Stjórn Íslandsbanka afþakkaði boðið þannig að áform um þessa sameiningu virðast vera fyrir bí.

Félagsmönnum SSF hefur fækkað nokkuð á síðustu árum og fjöldi þeirra er nú svipaður og var árið 2004 eða um 3700. Flestir voru félagsmenn SSF um áramótin 2007/2008 en þá voru þeir um 5500. Fyrirtæki á samnings-sviði SSF hafa ýmist verið sameinuð eða hætt starfsemi. Þar að auki er sífellt unnið að hagræðingu innan flestra fyrirtækja, ekki síst þeirra sem stærri eru. Fjöldi félagsmanna hefur þó þokast aftur nokkuð upp á við undanfarið, m.a. með innkomu stórra starfsmannafélaga.

Aðildarfélögum SSF hefur fækkað talsvert frá því sem áður var, ýmist vegna samruna við önnur félög eða vegna fækkunar félagsmanna með aðild að SSF, þrátt fyrir að nokkur ný hafi bæst við á síðustu árum. Á þinginu núna munu starfsmannafélög VÍS og Indó sparisjóðs verða tekin inn og verða aðildarfélög að SSF þá 13 talsins. Því miður er enginn hér frá Indó en hér eru tveir fulltrúar, Davíð og Arnar Már, frá STAVÍS eins og starfsmannafélagið þeirra er kallað.

Sjálfvirknivæðing innan fjármálakerfisins hefur verið hröð á síðustu árum. Sum störf hafa dottið alveg út og önnur taka sífelldum breytingum. Kröfur til starfsmanna verða sífellt meiri og allar afurðir bankanna flóknari. Þegar þessi staða bætist við flóknar reglur vegna eftirlits af ýmsu tagi má segja að álag á flest starfsfólk fjármálakerfisins sé mjög mikið.

Það má segja að gervigreind sé mál málanna í dag og hún snertir fjármálafyrirtækin eins og annað í lífinu. Tilraunir til svika í fjármálakerfinu eru einnig ofarlega á baugi og þar er gervigreindin orðin vinsælt verkfæri. Segja má að fjármálafyrirtækin og svikagengin séu í sífelldu kapphlaupi á sviði gervigreindar um hvor aðilinn er í forystusætinu hvað svik og varnir gegn þeim varðar.

Það eru deildar meiningar um áhrif notkunar gervigreindar á fjármálafyrirtækin. Reynslan sýnir að störf geta tapast við notkun nýrra tæknimöguleika, en að ný störf verði líka til. Í þessu sambandi skiptir endurmenntun og þjálfun núverandi starfsmanna miklu máli, það fólk sem nú starfar í þessum fyrirtækjum á að fá möguleika á menntun og þjálfun til að takast á við ný og öðrúvísi verkefni í stað þess að sækja sífellt nýja starfsmenn. Við fáum tækifæri til þess að ræða þessi mál inni í fræðslunefndinni.

ATVINNUMÁL

Útibúum stóru bankanna hefur fækkað mikið á síðustu árum, þau minnkað og afgreiðslutími yfirleitt styst. Hægt hefur á fækkun starfsmanna miðað við það sem áður var og enn er ekki útséð hvernig endanleg mynd fjármálakerfisins kemur til með að verða, t.d. vegna aukins frelsis á fjármála-markaði og innkomu margra lítilla fyrirtækja sem veita sérhæfða þjónustu í samkeppni við hefðbundna fjármálaþjónustu.

Þeir kjarasamningar sem voru í gildi frá 2019 til 2023 voru fjármálafyrirtækjunum mjög hagstæðir. Sé horft á hlutfallslega hækkun launakostnaðar meðal atvinnugreina hafa fáar greinar fengið á sig jafn litla hækkun og fjármála- og váttryggingageirinn á þessu tímabili.

Ekkert fjármálakerfi í Evrópu er jafn þjakað af háum sköttum og alls kyns gjöldum og það íslenska. Nokkuð hefur dregið úr skattlagningu á síðustu árum en jafnan kemur fram áhugi margra stjórnámálanna að skattleggja bankakerfið sem mest.

Stóru bankarnir þrír höggnuðust samtals um tæpa 240 ma.kr. á árunum 2022-2024. Þeir greiddu um 110 milljarða í bein laun á sama tímabili (launatengd gjöld ekki þar með), þar af um 40 ma.kr. á árinu 2024.

Bankarnir þrír greiddu um 102 milljarða í skatta árin 2022-2024 (tekjuskatt + tryggingagjald + fjársýsluskatt + sérstakan fjársýsluskatt + bankaskatt + rekstur Fjármálaeftirlitsins + rekstur Umboðsmanns skuldara og fleira). Þetta er mikið miðað við nálæg lönd og því eðlilegt að kostnaðarhlutföll íslenskra banka séu mun hærri en banka í nágrannalöndunum þar sem fæstir þessir skattar eru til. Þá greiddu bankarnir þrír um 122 ma.kr. í arð til eigenda sinna á árunum 2022-2024. Eigendur eru að langstærstum hluta ríkissjóður og lífeyrissjóðirnir. Tölur um þetta má sjá inni á svæði kjaranefndar.

Almennt eru fyrrum starfsmenn fjármálafyrirtækja vel metnir starfsmenn hvar sem þeir hafa haslað sér völl á vinnumarkaði. Það að hafa starfað undir þeim aga og álagi sem fjármálafyrirtæki krefjast, og af þeim mikla metnaði og þekkingu sem einkennir félagsmenn SSF, hefur gert þá eftirsóttá á öllum sviðum vinnumarkaðarins. Hreyfanleikinn er orðinn mun meiri og við vitum nú að það er til heimur utan fjármálamarkaðar.

Óvissan um starfsöryggi hefur minnkað en slík óvissa er alltaf óþægileg og veldur streitu sem kemur niður á heilsu, vinnuþreki og fjölskyldulífi hvers og eins. Óvissan kemur einnig niður á framleiðni og vinnugleði hvers einasta starfsmanns.

Staða Styrktarsjóðs SSF hefur verið góð síðustu ár, síðan framlagið var hækkað í 0,7% af heildarlaunum, og hafa tekjur hans dugað fyrir útgjöldum. Góð staða skýrist einnig að hluta til af því að ásókn í sjúkradagpeninga hjá sjóðnum er minni nú en stundum áður. Sjóðurinn hefur ekki þurft að leita eftir auka fjármagni frá Grunnsjóði SSF á tímabilinu.

Svipaða sögu má segja um stöðu Menntunarsjóðs SSF. Í síðasta kjarasamningi var samið um hækkun framlags úr 0,21% af heildarlaunum í 0,3% af heildarlaunum en Menntunarsjóður hafði verið rekinn með halla tvö undangengin ár svo ekki veitti af hækkun. Þessi hækkun tók gildi frá 1. júní 2024 sem skýrir að nú skilaði Menntunarsjóður hagnaði. Stundum vill gæta þess misskilnings að framlagið sé tekið af launum félagsmannsins en svo er ekki, fyrirtækin greiða þetta iðgjald.

Staða sjóða SSF er því nokkuð góð og við vitum að báðir sjóðirnir eru í allra fremstu röð hér á landi hvað möguleika á styrkjum og upphæð þeirra áhrærir. Stjórn SSF hefur því ákveðið að fara í sérstaka umræðu hér á þinginu um stöðu sjóðanna og möguleika þeirra og verða þau mál rædd ítarlega í einum starfshópi.

JAFNRÉTTISMÁL

Að undanfögnu hefur borið á umræðu um að konur séu að yfirtaka samfélagið. Í því sambandi er bent á forsetann, leiðtoga í ríkisstjórn og fjölda ráðherra, biskupinn, borgarstjórn og nú síðast formann stærsta stéttarfélags landsins. En jafnréttismál snúast um meira en jafnrétti kynjanna og þess vegna er stundum talað um jafnræðismál á okkar vettvangi. Einu sinni voru SÍB/SSF að verulegu leyti kvennasamtök. Í fyrra voru 54% félagsmanna konur, en voru um 61% á árinu 2015 og í kringum 70% á árinu 2010.

Við upplifum það mikið í erlendu samstarfi að það er töluvert horft til Íslands í jafnréttismálum, bæði hvað varðar stöðu kvenna og aðra þætti jafnréttis. Í því sambandi er ekki síst horft til stöðu kvenna á vinnumarkaði,



Fulltrúar sinntu sínum störfum með mikilli gleði



sem mörgum okkar finnst að mætti vera betri, en útlendingum finnst vera til fyrirmyndar.

Stjórn SSF telur jafnréttismálin mjög mikilvæg og því sjálfsagt að taka þau til ítarlegrar umræðu hér á þinginu, það má alltaf gera betur.

UNGA FÓLKID

Innan UNI er rekið umfangsmikið starf ungs fólks innan samtakanna. Í okkar heimi er ungt fólk skilgreint sem 35 ára og yngri. Síðustu ár hefur Jóhanna María Jónsdóttir, stjórnarkona úr SSF, sinnt formennsku í bæði Evrópusamtökum og alheimssamtökum ungs fólks innan UNI. Við hjá SSF höfum því fengið töluverða innsýn í störf og möguleika ungs fólks innan samtaka launafólks víða um heiminn. Hér á landi sjáum við það augljósa að það er enginn sérstakur vettvangur fyrir ungt fólk innan SSF og við höfum kannski sofnað dálítið á verðinum við að nálgast unga fólkið innan samtakanna og búa til vettvang fyrir það. Stjórn SSF hefur því ákveðið að ræða þessi mál sérstaklega hér á þinginu sem verður vonandi fyrsta skrefið í að við stöndum okkur betur í þessum efnum.

Að öðru leyti munum við ræða kjaramál í hinni hefðbundnu kjaranefnd og fræðslumál í fræðslunefnd. Engar tillögur komu fram um breytingar á samþykktum og því starfar engin laganefnd á þinginu í þetta skipti. Við erum föst í kjarasamningi fram til ársins 2028, eða næstum fram að næsta þingi þannig að væntanlega er hægt að horfa til margra átta í kjaramálum. Það sama má segja um fræðslu- og útgáfumálin, þau eru tímalaus, og þar má leitast við að gera sífellt betur.

Ágætu félagar

Hlutverk kjörinna fulltrúa SSF er nú eins og endranær að standa vörð um réttindi, kjör og atvinnuöryggi félagsmanna SSF með öllum tiltækum ráðum. Starfsmenn eiga ekki að vera leiksoppar eða fórnarlömb í valdabaráttu eigenda fyrirtækjanna. Við höfum átt því láni að fagna að gagnkvæmt traust og virðing hefur ríkt milli stjórnenda fyrirtækjanna og félagsmanna SSF og það er verkefni allra kjörinna fulltrúa stéttarfélagsins SSF að tryggja að svo verði enn um alla framtíð. Með þeim hætti náum við best að tryggja áframhaldandi góð störf hjá öflugum, vel reknum og framsæknum fjármálafyrirtækjum og fyrirtækjum í eigu þeirra.

Í lok kjörtímabilsins 2022-2025 vill stjórn SSF þakka öllum félagsmönnum, aðildarfélögum samtakanna, stjórnnum þeirra, trúnaðarmönnum, starfsnefndum, svo og starfsmönnum aðildarfélaganna og SSF ánægjulegt og gefandi samstarf.

Stjórn SSF óskar þingfulltrúum til hamingju að vera kosnir sem fulltrúar starfsmanna til að móta stefnu SSF til næstu þriggja ára. Við vonum að þingið verði bæði viðburðaríkt og árangursríkt og að niðurstöður þess verði öllum félagsmönnum til heilla í nánustu framtíð.

Að svo mæltu vona ég að við eigum fyrir höndum vinnusamt og öflugt þing.

Ari Skúlason, formaður SSF.

Helga Jónsdóttir þingforseti óskaði eftir athugasemdum og/eða umræðum við skýrslu stjórnar.

Engar athugasemdir bárust.


Dagskrárliðnum "Skýrsla stjórnar" lauk með lófataki þingsins.



Indriði I. Stefánsson, REST (Rapyd) og
Gísli L. Logason, SÍ (Stm.fél. Íslandsbanka).



Guðrún Bergmann Franzdóttir TRMR Arion
ásamt félagsmanni í þungum þönkum.



Þórey Jónína Jónsdóttir, SÍ



Karlotta Ósk Óskarsdóttir hægra
megin ásamt borðfélögum.

Pallborðsumræður bankastjóra

Mætt voru í pallborð Lilja Björk Einarsdóttir frá Landsbankanum, Jón Guðni Ómarsson frá Íslandsbanka og Benedikt Gíslason frá Arion banka. Ari Skúlason stýrði umræðum.

Fram kom í máli bankastjóranna að breytingar hefðu verið miklar í þjónustu og tækni sem skilaði sér í bættri þjónustu og minni kostnaði. Hvað varðar samkeppni voru bankastjórnir sammála um að samkeppnin væri virk og mikil, bæði þeirra á milli og hvað varðar minni fjármálafyrirtæki. Einnig var komið inn á þær miklu breytingar sem orðið hafa vegna gervigreindar og þær breytingar verða sífellt örari. Þeim fylgir svo bætt þjónusta og persónulegri þjónusta fyrir viðskiptavinum en breytingum fylgja líka áskoranir og rík ástæða fyrir SSF að virkja sitt fólk í þeirri vegferð og fyrir bankana að vinna saman að vörnum.

Hvað varðar samningsaðila töldu bankastjórnir að til greina komi að nýta annan aðila en SA til að semja við en bankarnir yrðu vera með sameiginlegan aðila sem semdi við SSF. Fram kom jafnframt að mikilvægt sé að bankarnir og starfsfólk sýni að það sé hluti af samfélaginu.

Rætt var um ímynd bankanna og að mikið sé unnið í að bæta ímynd bankanna og fjármálakerfisins, til að sýna að viðskiptavinir njóti betri kjara vegna hagræðinga. Mikil samskipti eru við áhrifaaðila og stjórnmalafólk til að auka traustið og með lægra vaxtastigi skapist möguleikar til að auka traust almennings og mikilvægt sé að halda því til haga að vaxtamunur hafi minnkað mikið og sé nú lágur í samanburði við önnur lönd.

Reynsla bankanna af jafnlaunavottun sögðu þau góða og ferlið hafi nýst vel og sérstaklega vinnan sem fór í að flokka störfin, sú reynsla hafi nýst við að draga fram hvar ójöfnuð var að finna, þrátt fyrir það er síður líklegt að jafnlaunavottun nýtist minni aðilum. Til að vinnan gangi vel og nýtist er mikilvægt að vera með hugbúnað og strúktúr til að halda utan um hana.

Bankastjórnir telja vinnuálag hæfilegt í bankakerfinu og því til stuðnings var vísað til þess að gerðar eru reglulegar mælingar og gripið sé til aðgerða bendi þær til að vinnuálag sé meira en góðu hófi gegnir, þó væru afmörkuð dæmi um mikið álag en það væri sjaldnast viðvarandi.

Bankastjórnir voru sammála um að reglugerðir Evrópusambandsins og tilhneiging íslenskra stjórnvalda til gullhúðunar væri áskorun fyrir bankana sem eru litlir í öllum samanburði og oft óþarflega flókið og viðamikið kerfi sett upp sem mætti vel einfalda ef tekið væri tillit til stærðar íslenska bankakerfisins, óhjákvæmilega kemur þetta fram í auknum kostnaði bankanna og þar með viðskiptavina.

Hvað varðar tryggingafélög töldu bankastjórnir Arion og Landsbanka þau mikilvægan hluta heildstæðrar fjármálaþjónustu, á meðan Jón Guðni taldi ákveðin tækifæri í sjálfstæði Sjóvárs. Einnig var rætt um samkeppni við erlenda tæknirisa sem vilja gjarnan veita þjónustu en hafa síður áhuga á því að reka tækniumhverfið.

Að lokum var rætt um innlenda greiðslumiðlun sem var upphafleg hugsun sem einhvers konar vetrarvegur við stóráföll en virðist nú eiga að spara stórfé sem óljóst er hvernig eigi að verða og betri hugmynd væri að skapa ramma og vinna innan hans.

Nefndarstörf hefjast

Helga Jónsdóttir, þingforseti fór yfir staðsetningu nefnda og bað nefndir um að skila inn 5 ályktunum sem bæði væru kjarnyrtar og stefnumótandi. Þingfulltrúar hófu því næst nefndarstörf á starfsstöð viðkomandi nefndar.



Jón Guðni, bankastjóri Íslandsbanka og Lilja Björk



Lilja Björk bankastjóri Landsbankas



F.v. Jón Guðni, Lilja Björk, Benedikt og Ari



Benedikt bankastjóri Arion banka



Sérmerktur varningur sló í gegn!

Kynning frambjóðenda

Stjórn SSF skipa níu félagsmenn og skal kjósa formann, fyrsta og annan varaformann hvern fyrir sig en síðan ó meðstjórnendur.

Kjörtímabil stjórnar er milli reglulegra þinga og skal kjósa í bundinni kosningu og skriflega ef fleiri eru í kjöri en kjósa skal.

Einnig skal tryggja að hlutfall hvors kyns í stjórn sé ekki lægra en 40% og að formenn séu ekki allir af sama kyni.

Til stjórnarsetu í SSF fyrir árin 2025 til 2028 gáfu 10 félagsmenn kost á sér. Sigurjón Gunnarsson, varaþingforseti, tilkynnti að hver frambjóðandi til stjórnar SSF fengi að hámarki þrjár mínútur til að kynna framboð sitt.

Eftirfarandi félagsmenn gáfu kost á sér í embætti formanns, fyrsta- og annars varaformanns:

Ari Skúlason, formaður SSF, gaf kost á sér til formanns SSF og var einn í framboði og því sjálfkjörinn.

Oddur Sigurðsson (SÍ), fyrsti varaformaður SSF, gaf kost á sér til fyrsta varaformanns SSF og var einn í framboði og því sjálfkjörinn.

Guðný S. Magnúsdóttir (FSLÍ), annar varaformaður SSF, gaf kost á sér til annars varaformanns SSF og var ein í framboði og því sjálfkjörin.

Í framboði til meðstjórnenda voru eftirfarandi félagsmenn í stafrófsröð:

Bára Björk Ingibergsdóttir (SFS)

Gísli Logi Logason (SÍ)

Hörður Jens Guðmundsson (VÍST)

Jóhann Arnarson (TRMR Arion banka)

Karlotta Ósk Óskarsdóttir (TRMR Arion banka)

Kristbjörg Hinriksdóttir (FSLÍ)

Sigríður R. Jóhannsdóttir (FSLÍ)

Þeir frambjóðendur sem voru á staðnum fóru í pontu og kynntu sig og sitt framboð.

Tveir frambjóðendur, sem ekki voru á þinginu, kynntu framboð sitt á raf-rænu formi.

Eftir framboðsræður bauð þingforseti Ara Skúlasyni orðið.

Alþjóðasamstarf

Ari Skúlason formaður SSF, fór stuttlega yfir þátttöku SSF í norrænum samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja (NFU) og þátttöku SSF í alheimssamtökunum Uni Global Union (UNI).

Farið var yfir áherslur og sérstöðu NFU og þá vegsemd og virðingu sem starfið hefur markað sér á alþjóðavettvangi. Um er að ræða góða tengingu milli aðildarféлага og er ávinningur af því samstarfi ótvíræður, sérstaklega þar sem SSF er ekki aðili að stórum fjöldahreyfingum launafólks hér á Íslandi. Reynsla og þekking sem af starfinu hlýst er gríðarlega verðmæt fyrir SSF og önnur aðildarfélög og nýtist á margvíslegan hátt í störfum félagsins sem svo skilar sér þannig til félagsmanna SSF.

Því næst kynnti Ari, Michael Bodulfsen framkvæmdastjóri NFU, í pontu.



Einbeittir þingfulltrúar



Bára Björk Ingibergsdóttir



Gísli Logi Logason



Jóhann Tryggvi Arnarson



Karlotta Ósk Óskarsdóttir



Sigríður R. Jóhannsdóttir, FSLÍ

Erindi Michaels fjallaði um þær öru breytingar sem eru að verða á núverandi umhverfi og hvernig þær verða sífellt örari og örari, hvernig þær væntingar um samstöðu og samvinnu sem stefndi í við lok heimsfaraldurs urðu að engu og hvernig ógnin frá öfga hægri stefnu verður meiri og ekki hefur tekist að vinda ofan af með skyndilausnum. Það verður að vera okkur áminning þess að við megum aldrei taka lýðræði sem sjálfsgöðum hlut. Hlutverk okkar sem fulltrúa í fjármálakerfinu er mikilvægt, sem felst í því að veita góða og fjölbreytta fjármálaþjónustu en það er ómögulegt án þess að fyrirtækin skili hagnaði.

Sjálfbær umbreyting samfélagsins vegna loftslags, jafnréttis og fleiri þátta treystir á aðgengi að góðri og fjölbreyttri fjármálaþjónustu. Mikilvægi gervigreindar og stafrænnar vegferðar eykst stöðugt en hún byggir á móti á því að traust ríki gagnvart starfsfólki og starfsemi fjármálafyrirtækja. En gervigreindin á sér skuggahlið sem er gagnasöfnun og greining hegðunarmynsturs og það er skortur á að um það gildi nægjanlega víðtækar og skýrar reglur.

Framundan er aukning í sýndarveruleika og því er ósvarað hvernig fjármálaheimurinn getur brugðist við og það þarf að bregðast við þeim áskorunum sem því fylgja. Í eins síbreytilegu umhverfi og við búum við er það áskorun að þurfa gjarnan að bíða árum saman eftir regluverki frá Evrópusambandinu og Evrópuþinginu.

Breytingar eru eini fastinn og það var mikil forsjálni að hafa allt frá árinu 1938 starfað samkvæmt samningnum um Norræna samvinnu. Að lokum færði Michael þakkið fyrir samstöðuna í gegnum tíðina.

Þar með var fyrri degi þingsins lokið. Þingfulltrúum var boðið til móttöku í Landsbankahúsinu á Selfossi, þar sem Nína Guðbjörg Pálsdóttir, útibússtjóri, hélt kynningu á sögu hússins á meðan gestir gæddu sér á léttum veitingum.

Dagur tvö hófst kl. 09.00 með framhaldi á nefndarstörfum, en fyrst var veiting gullmerkja tilkynnt.


Gullmerki

Það er hefð að veita þeim aðilum sem unnið hafa gott starf í þágu félagsmanna SSF heiðursmerki SSF, en það má veita þeim aðilum, íslenskum eða erlendum sem hafa unnið gott starf í þágu félagsmanna SSF. Stjórn SSF ákveður veitingu heiðursmerkja og skal ákvörðunin samþykkt einróma af stjórninni.


Heiðursmerki hefur ekki verið veitt síðan árið 2004 þar til nú þegar þeim Sigurjóni Gunnarssyni og Helgu Jónsdóttur fyrrum félagsmönnum FSLÍ var veitt heiðursmerki á þessu þingi. Til stóð að veita það einnig Friðberti Traustasyni, fráfaramandi formanni og framkvæmdastjóra SSF til fjölda ára en hann átti ekki heimangengt á þingið að þessu sinni.

Helga var starfsmaður Landsbankans frá 1973-2024. Hún starfaði í stjórn FSLÍ frá 1987 og var formaður þess um árabíl. Hún var kosin varamaður í stjórn SÍB (nú SSF) 1993 og var 1. varaformaður þess frá 1995 til 2007. Þá sat Helga í samninganefnd SÍB/SSF FRÁ 1989-2016, í aðalstjórn NFU 1995-2007 og í stjórn og varastjórn Lífeyrissjóðs Bankamanna nokkrum sinnum auk þess að sinna ýmsum nefndastörfum fyrir FSLÍ.

Sigurjón hóf störf sem sendill í Seðlabankanum árið 1968 en lengst af vann hann í Landsbankanum, eða frá 1971. Hann sat í stjórn FSLÍ 1985-1989 þar til hann var kosinn í stjórn SÍB (nú SSF) og sinnti stjórnarstörfum í 9 ár, fyrst sem gjaldkeri og svo sem varaformaður. Þá sat hann einnig í stjórn NBU 1991-1998. Sigurjón sat auk þess í ýmsum nefndum og stjórnnum sem fulltrúi SÍB, t.d í samninganefnd SÍB, stjórn Bankamannaskólans svo eitthvað



Kristbjörg Hinriksdóttir, frambjóðandi frá FSLÍ, sendi rafræna kynningu.



Hörður Jens Guðmundsson, frambjóðandi REST, sendi einnig rafræna kynningu.



Ari rabbar við erlendu gestina



Michael Bodulfsen, frkv.stj. NFU



Ari ásamt Sigurjóni og Helgu, gullmerkjahöfum



Gullmerki SSF

sé nefnt. Hann sat í stjórn Lífeyrissjóðs Bankamanna í 18 ár, bæði sem fulltrúi sjóðsfélaga en einnig skipaður af bankaráði Landsbankans.

Eftir hádegi fór fram kosning meðstjórnenda, þeir eru 6 í stjórn SSF en framboð í embætti meðstjórnenda voru 7.

Niðurstöður fastanefnda þingsins

Eftir mikla vinnu í nefndum við að móta ályktanir, voru þær kynntar og bornar upp til samþykktar. Nefnastörf voru að þessu sinni unnar með breyttu sniði, það er að allir þingfulltrúar, nema hópstjórar og ritarar, fluttu sig á milli nefnda og tóku þar með þátt í störfum allra nefnda þingsins.

Tillögur nefnda bornar undir þingið til samþykktar.

Eftirfarandi eru þær tillögur og ályktanir sem samþykktar voru á 49. þingi SSF:

Laganefnd

Eins og áður hefur komið fram var ekki þörf á skipun í laganefnd á 49. þingi SSF þar sem engar breytingartillögur á samþykktum félagsins lágu fyrir.

Fjárhagsnefnd

Jóhann Arnarson (TRMR Arionbanka), gjaldkeri SSF, fór yfir fjárhagsáætlun og tók fram að fjárhagsáætlunin væri eingöngu lögð fram til kynningar.

Lagt er til að félagsgjald verði óbreytt og stjórnarlaun hækki í samræmi við hækkun á kjarasamningum.



Jóhanna M. Jónsdóttir, kynnti ályktanir Allsherjarnefndar I.



Bryndís Sigurðardóttir og Karlotta Ósk Óskarsdóttir kynntu ályktanir Kjaranefndar.

Fjárhagsáætlun SSF 2025 - 2028			Allar upphæðir í þús. króna		
	Rauntölur		Áætlun		
	2024	2025	2026	2027	2028
Árgjöld	183.917	212.418	219.853	227.548	235.512
Húsaleiga	1.396	1.584	1.647	1.713	1.782
Grunnsjóður	14.147	16.339	16.911	17.503	18.116
Tekjur	199.460	230.341	238.411	246.764	255.409
Laun og tengd gjöld	121.397	124.153	105.304	97.669	101.066
Fræðslu og útgáfustarfsemi	29.042	30.204	31.412	32.668	33.975
Erlent samstarf	8.764	9.115	9.479	9.858	10.253
Kostnaður v. þings	3.607	17.000	-	-	22.668
Rekstur fasteigna	11.167	7.966	8.285	8.616	8.961
Rekstur skrifstofu	4.247	4.417	4.594	4.777	4.968
Kannanir	700	9.383		10.134	-
Annar kostnaður	32.958	26.144	28.146	33.307	30.690
Grunnsjóður	14.147	16.339	16.911	17.503	18.116
Afskriftir	2.403	2.499	2.599	2.703	2.811
Gjöld	228.432	247.219	206.730	217.236	233.508
Hagnaður/tap	- 28.972	- 16.878	31.681	29.528	21.902
Fjármagnstekjur	30.800	27.500	23.793	20.262	20.262
H/T með fjármunatekjum	1.828	10.622	55.474	49.790	42.164
Fjárhagsáætlun Styrktarsjóðs SSF 2025 - 2028			Allar upphæðir í þús. króna		

	Rauntölur		Áætlun		
	2024	2025	2026	2027	2028
Árgjöld	335.138	351.895	364.211	376.959	390.152
Tekjur	335.138	351.895	364.211	376.959	390.152
Styrkir	139.173	144.740	150.530	156.551	162.813
Sjúkradagpeningar	135.833	141.266	146.917	152.794	158.905
Annar rekstrarkostnaður	182	189	197	205	213
Gjöld	275.188	286.196	297.643	309.549	321.931
Hagnaður/tap	59.950	65.699	66.568	67.410	68.221
Fjármagnstekjur	15.008	10.000	10.000	10.000	10.000
H/T með fjármunatekjum	74.958	75.699	76.568	77.410	78.221

Fjárhagsáætlun Menntunarsjóðs SSF 2025-2028

Allar upphæðir í þús. króna

	Rauntölur		Áætlun		
	2024	2025	2026	2027	2028
Árgjöld	125.872	152.742	158.088	163.621	169.348
Tekjur	125.872	152.742	158.088	163.621	169.348
Menntunarstyrkir	118.749	123.499	128.439	133.576	138.920
Annar rekstrarkostnaður	187	194	202	210	219
Gjöld	118.936	123.693	128.641	133.787	139.138
Hagnaður/tap	6.936	29.049	29.447	29.834	30.210
Fjármagnstekjur	1.744	1.744	1.744	1.744	1.744
H/T með fjármunatekjum	8.680	30.793	31.191	31.578	31.954

Stjórnarlaun SSF

Viðmiðunarupphæð	859.505
Formaður	429.753 50%
1. varaformaður	214.876 25%
2. varaformaður	214.876 25%
Gjaldkeri	214.876 25%
Ritari	214.876 25%
Meðstjórnandi 1-4	128.926 15%
Meðstjórnandi 1-4	128.926 15%
Meðstjórnandi 1-4	128.926 15%
Meðstjórnandi 1-4	128.926 15%
1.804.961	

Ályktanir Fjárhagsnefndar

Ályktað á Hótel Selfossi 20. - 21. mars 2025

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að félagsgjald til SSF verði óbreytt eða 0,7% af heildarlaunum og þar af renni 0,05% áfram til Grunnsjóðs. Áfram verði hlé á greiðslum til Vinnudeilusjóðs.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að hámarks félagsgjald hækki úr kr. 4.600 í 5.500.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að stjórnarlaun verði óbreytt, miðist við kr. 859.505 og fylgi áfram launa-hækkunum í kjarasamningi SSF og SA.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

Ályktanir Allsherjarnefndar I

Ályktað á Hótel Selfossi 20.-21. mars 2025

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til aðildarfélaganna innan SSF að hafa það að markmiði að samsetning þingfulltrúa endurspegli aldursdreifingu félagsmanna. Hjá SSF eru um 30% undir 35 ára.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að stjórn SSF komi á fót ungmennaráði SSF sem verði samansett af aðildarfélögum. Ungmennaráðið mun hafa heimildir og frelsi til að búa til efni eða halda viðburði til að efla tengsl og virkja yngri félagsmenn SSF.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að stjórn SSF tryggi að aðildarfélögin kynni starfsmannafélagið sitt og SSF á nýliðakynningum.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að SSF haldi árlega vísindaferð fyrir félagsmenn undir 35 ára.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að stjórn SSF taki til athugunar að leggja til hámarksfjölda kjörtímabila fyrir stjórn SSF á næsta þingi.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

Ályktanir Allsherjarnefndar II

Ályktað á Hótel Selfossi 20.-21. mars 2025

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að endurmeta störf innan starfsvettvangs okkar til að minnka hættuna á að störf fari að flokkast t.d undir kvenna-eða karlastörf.
SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til samninganefndar að stytta vinnutíma starfsfólks þannig að vinnutími styttist um 13 mín. á dag
SAMÞYKKT MEÐ MEIRIHLUTA ATKVÆÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU



Guðný S. Magnúsdóttir kynnir niðurstöður Allsherjarnefndar II.



Oddur Sigurðsson kynnir niðurstöður Allsherjarnefndar III ásamt ritara nefndarinnar, Lóu Jóhannsdóttur.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að starfsfólk „aftengist“ þegar vinnuskyldu lýkur. Að starfsfólk sé ekki tiltækt fram eftir kvöldi.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til ríkis og sveitarfélaga að tryggja dagvistun barna eftir að fæðingarorlofi lýkur. Að komið verði upp stöðugri leikskólabrú frá lokum fæðingarorlofs þar til barn kemst inn á leikskóla.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til samninganefndar að hækka viðmiðunarlundur vegna veikinda barna til 18 ára aldurs. Skv. lögum flokkast þau sem börn til 18 ára aldurs.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til samninganefndar að auka veikindadagarétt vegna barna, að við bætist 3 dagar á ári á hvert barn umfram 1 barn.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til samninganefndar að bæta inn umönnunardögum vegna náinna aðstandenda.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að meta störf óháð staðsetningu starfsmanna, að starfsmenn úti á landi séu metnir til jafns við þá sem sinna sömu störfum á höfuðborgarsvæðinu.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til fjármálafyrirtækja að í ráðningarferli skulu umsækjendur gæta jafnræðis og gæta þess að umsækjendum sé ekki mismunað hvort sem er á grundvelli kynferðis, fötlunar, kynhneigðar, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, trúarbragða og stöðu að öðru leiti.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

Ályktanir Allsherjarnefndar III

Ályktað á Hótel Selfossi 20.-21. mars 2025

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að skoða útfærslu á tannstyrkjum til félagsmanna.

SAMÞYKKT MEÐ MEIRIHLUTA ATKVÆÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að skoða útfærsla varðandi ferðaávísanir til félagsmanna.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að auka kynningarstarf til félagsmanna varðandi sjóði félagsins.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að dýpka lýsingar á heimasíðunni varðandi styrkina og hvað fellur undir þá.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.



Starfkonur SSF fylgjast grannt með gangi mála



Ályktanir Fræðslunefndar

Ályktað á Hótel Selfossi 20.-21. mars 2025

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að rafrænt örnámskeið verði haldið fyrir nýja trúnaðarmenn eins fljótt og hægt er í kjölfar trúnaðarmannakosninga.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að nýta trúnaðarmannahandbókina til þess að búa til rafrænt og aðgengilegt fræðsluefni fyrir trúnaðarmenn ásamt því að búa til staðlað kynningarefni sem trúnaðarmenn geta nýtt til að kynna félagið fyrir nýju starfsfólki.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að félagsmönnum verði gert kleift að skrá sig á póstlista til að fá tilkynningar um nýjar fréttir á heimasíðu SSF.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að haldnar verði fyrir félagsmenn rafrænar kynningar, einu sinni til tvisvar á ári, á þjónustu SSF og þeim styrkjum sem í boði eru.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að SSF bjóði upp á fræðslu í launaviðtölum.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að trúnaðarmenn fái áfram fróðleiksmola mánaðarlega um t.d. kjör, réttindi og annað áhugavert efni. Með því viljum við virkja trúnaðarmenn í starfi félagsins sem og að gera þá og SSF sýnilegri.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að trúnaðarmannanámskeið á vegum SSF verði haldin í óbreyttu formi 1 sinni á ári fyrir alla trúnaðarmenn óháð reynslu. Einnig verði haldið einu sinni á ári styttra námskeið á höfuðborgarsvæðinu í þeim tilgangi að gera fleiri trúnaðarmönnum kleift að sækja námskeið.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að taka þátt í samtali um hagnýtingu gervigreindar. Til að mynda vekja athygli félagsmanna á námskeiðum og nýjungum tengdum gervigreind.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

Ályktanir Kjaranefndar

Ályktað á Hótel Selfossi 20.-21. mars 2025

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að skoða að breyta valmöguleikum í kosningu um kjarasamning á þann hátt að einungis verði hægt að velja annað hvort já eða nei.

SAMÞYKKT MEÐ MEIRIHLUTA ATKVÆÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að vinna fari í gang að í næstu kjarasamningum semji SSF beint við SFF ekki SA.


SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.



Græni liturinn var áberandi



Heimaföndraður kjörkassi af bestu sort



Linda Sörensen, SFS (Stm.fél. Seðla-bankans) kys til stjórnar SSF.



Nýkjörin stjórn SSF 2025-2028. Aftari röð frá vinstri: Karlotta Ósk Óskarsdóttir, Jóhann Arnarson, Gísli Logi Logason, Hér þarf að laga nafn með mynd: Sigríður R. Jóhannsdóttir, Bára Björk Ingibergsdóttir. Fremri röð frá vinstri: Oddur Sigurðsson, 1. varaformaður, Ari Skúlason, formaður, Guðný S. Magnúsdóttir, 2. varaformaður. Á myndina vantar Hörð Jens Guðmundsson.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að farið verði í vinnu við að skilgreina fastlauna-samninga betur.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

49. þing SSF haldið á Selfossi 20.-21. mars 2025 samþykkir að beina því til stjórnar að farið verði í vinnu við að jafnlaunavottun verði afnumin eða að öðrum kosti gerð sýnileg og útskýrð.

SAMÞYKKT SAMHLJÓÐA Í KOSNINGU Á ÞINGINU.

NIÐURSTÖÐUR KOSNINGAR TIL STJÓRNAR SSF

Pórey Jónína Jónsdóttir (SÍ), formaður Kjörnefndar, kynnti niðurstöðu kosninga.

Alls voru 60 á kjörskrá og greiddu 58 atkvæði og var enginn kjörseðill ógildur.

Nýkjörin stjórn SSF fyrir starfsárin 2022-2025 er eftirfarandi:

Ari Skúlason, formaður SSF

Oddur Sigurðsson (SÍ) fyrsti varaformaður SSF

Guðný Sigríður Magnúsdóttir (FSLÍ) annar varaformaður SSF

Meðstjórnendur

Bára Björk Ingibergsdóttir (SFS)

Gísli Logi Logason (SÍ)

Hörður Jens Guðmundsson (REST)

Jóhann Arnarson (TRMR Arion banka)

Karlotta Ósk Óskarsdóttir (TRMR Arion banka)

Sigríður R. Jóhannsdóttir (FSLÍ)

Formaður Kjörnefndar, óskaði nýrri stjórn góðs gengis í stjórnarstörfum og bað nýkjörna stjórn að koma upp á svið.

Helga Jónsdóttir, þingforseti, óskaði nýkjörinni stjórn til hamingju með kjörið og pakkaði fráfarandi stjórn fyrir vel unnin störf.

ÖNNUR MÁL

Fyrir þinginu lá tillaga um inntöku tveggja nýrra aðildarféлага:

Starfsmannafélag VÍS og Starfsmannafélag Indo.

Tillagan var samþykkt samhljóða með lófaklappi.

Þá fengu starfsmenn sem skipulögðu þingið lófaklapp fyrir gott starf. Auk þess var fráfarandi stjórn þakkað fyrir sín störf með lófaklappi.

Helga Jónsdóttir, þingforseti, og Sigurjón Gunnarsson, varaþingforseti, þökkðu vel fyrir sig og færðu þingið í hendur formanns.

Ari Skúlason, formaður SSF kallaði Jóhönnu Maríu Jónsdóttur, FSLÍ, upp til að þakka henni fyrir störf sín í stjórn SSF en hún ákvað að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu.

Ari þakkaði því næst starfsmönnum þingsins og þingfulltrúum fyrir gott starf á þinginu og afhenti að lokum starfsmönnum þingsins þakklætisvott fyrir störf sín á þinginu, einnig var gestum þingsins þakkað fyrir komuna.

Þingi slitið kl. 13:55



Ingunn Bernburg SÍ dregur niður fána SSF að þingi loknu.



TRAUST

ÞEKKING

METNAÐUR



49. ÞING
20.- 21. MARS
2025